

Nd.

855. Nefndarálit

[314. mál]

um frv. til l. um breyting á lögum nr. 77 1. okt. 1981, um dýralækna.

Frá landbúnaðarnefnd.

Landbúnaðarnefnd flytur þetta frumvarp og í framsögu fyrir því var þess óskað, að málinu yrði ekki vísað til nefndar. Er það tvímælaust í samræmi við þingsköp. Engin nefnd flytur mál upp á sitt eindæmi nema hafa skoðað það áður til hlítar, og þess vegna átti það ekkert erindi aftur til nefndarinnar.

Þetta frumvarp er ein grein úr frumvarpi sem landbúnaðarnefnd neðri deildar var búin að afgreiða samhljóða á jákvæðan hátt. Hins vegar hlaut það frumvarp ekki náð fyrir augum meiri hluta þingmanna efri deildar. Í sumum héruðum er dýralæknaþjónusta í lágmarki og álag á þeim dýralæknum, sem þeim þjóna, langt fram yfir það sem nokkrum manni er bjóðandi. Það er ástæðan fyrir því, að frumvarp þetta er flutt.

Landbúnaðarnefnd leggur eindregið til að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 3. maí 1982.

Stefán Valgeirsson,
form., frsm.

Skúli Alexandersson.

Árni Gunnarsson,
fundaskr.

Pórarinn Sigurjónsson.
Ragnhildur Helgadóttir.

Steinþór Gestsson.

Eggert Haukdal.